

Verkefnisstjórn
Rammáætlun 3. áfangi.


Uppsveitum Árnassýslu 20.04.2016

Efni: Hagavatnsvirkjun

Ferðamálafulltrúi Uppsveita Árnassýslu ásamt framkvæmdastjóra Markaðsstofu Suðurlands fengu ítarlega kynningu þegar árið 2011 á fyrirhuguðum hugmyndum Íslenskrar Vatnsorku ehf um virkjanaframkvæmdir við Hagavatn og leist strax vel á. Markmiðið er að nýta fallorkuna á umhverfissvænan hátt, en jafnframt mun virkjunin koma í veg fyrir gífurlegt sandfok sem er á svæðinu og opna nýja spennandi möguleika í ferðaþjónustu. Undirritaðri lýst vel á hugmyndirnar og vonast til að verkefnið verði að veruleika í náinni framtíð.

Í áætlunum um vernd og orkunýtingu landssvæða er virkjun Hagavatns í biðflokk. Í ljósi áætlana um virkjun með umhverfissjónarmið að leiðarljósi er brýnt að þessi virkjunarkostur verði endurmetinn og fluttur í orkunýtingarflokk. Breið samstaða er um málið meðal heimamanna, sveitarstjórnar og ferðaþjónustu.

Virðingarfyllst



Ásborg Arnþórsdóttir
ferðamálafulltrúi Uppsveita Árnassýslu
Aratunga, 801 Bláskógabyggð,
asborg@ismennt.is
s.480 3009 / 8981957